

# Réttur þinn

mikilvægar upplýsingar  
fyrir innflytjendur á Íslandi

# Your rights

Important information for  
immigrants in Iceland



Íslenska



Enska

# Réttur þinn

mikilvægar upplýsingar fyrir innflytjendur á Íslandi

Bæklingur þessi er útgefinn af Jafnréttisstofu og styrktur af áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt. Hann er ætlaður innflytjendum á Íslandi en hentar öllum sem vilja fræðast um jafnrétti á Íslandi og réttindi og skyldur fólks. Texti bæklingins er unninn af Stígamótum í samvinnu við Jafnréttisstofu, velferðaráðuneytið, Útlendingastofnun, W.O.M.E.N. in Iceland, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar, Kvennaathvarfið, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmeningarsetur.

1. útgáfa 2010
2. útgáfa 2014
3. útgáfa 2019
4. útgáfa 2022



Jafnréttisstofa

Co-funded by the Rights,  
Equality and Citizenship (REC)  
Programme of the European Union



Þetta verkefni er styrkt af áætlun Evrópusambandsins um réttindi, jafnrétti og borgararétt (Rights, Equality and Citizenship Programme 2014-2020). Efni þessarar útgáfu er birt á ábyrgð Jafnréttisstofu og endurspeglar ekki afstöðu eða skoðun framkvæmdastjómur Evrópusambandsins.

© Jafnréttisstofa

Borgum við Norðurslóð - 600 Akureyri

Sími: 460 6200

Netfang: jafnretti@jafnretti.is - Vefslóð: www.jafnretti.is

Reykjavík 2022

Hönnun/prentun: Prentmet Oddi, umhverfsvottuð prentsmiðja



ISBN 978-9935-428-47-9

ISBN 978-9935-428-48-6

ísl-enska, pr. útg (4. útg.)

ísl-enska, rafr. útg (4. útg.)

This pamphlet is published by the Directorate of Equality and sponsored by the EU Rights, Equality and Citizenship Programme 2014-2020. It is intended for immigrants in Iceland and others interested in learning about equality, rights and obligations in Iceland. The text is prepared by Stígamót-Education and Counselling Center for Survivors of Sexual Abuse and Violence in cooperation with the Directorate of Equality, the Ministry of Welfare, the Directorate of Immigration, Women of Multicultural Ethnicity Network (WOMEN in Iceland), the Metropolitan Police, the Reykjavík City Human Rights Office, the Icelandic Human Rights Centre, the Women's Shelter and the Multicultural and information Centre.

1st edition 2010

2nd edition 2014

3rd edition 2019

4th edition 2022

## Inngangur

Í þessum bæklingi er að finna ýmsar upplýsingar um íslenskt samfélag og íslenskt réttarkerfi, s.s. um jafnan rétt og jafna stöðu kynja, dvalarleyfi, skilnað, forsjármál, umgengnisrétt, fjármál og ofbeldi. Hér er einnig að finna upplýsingar um hvar er hægt að fá aðstoð.

## Jafnrétti kynja – jafnrétti allra

Samkvæmt lögum hafa allir fullorðnir einstaklingar á Íslandi sömu réttindi og skyldur óháð kyni, litarhætti, fötlun, kynþætti, þjóðerni, uppruna, trúarbrögðum, lífsskoðunum, efnahag, ætterni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum og stöðu að öðru leyti. „Allir hafa rétt til að stjórna lífi sínu, ráða yfir líkama sínum og afla sér tekna og öllum ber skylda til að sjá fyrir fjölskyldu sinni, annast börnin sín og taka þátt í samfélaginu.“

Kynin eru jöfn, líka innan hjónabands.

## Fjármál

Einstaklingar eldri en 18 ára eru fjárráða. Það þýðir að þú ræður yfir tekjum þínum og eignum, getur átt bankareikning á þínu nafni sem þú hefur umráðarétt yfir og aðrir hafa ekki aðgang að. Þú ákveður í hvaða banka þú átt reikning.

Ekki skrifa undir nein gögn án þess að vera viss um að þú skiljir innihald þeirra og vitir hvaða skuldbindingar felast í undirskriftinni. Gott er að fá hlutlausan aðila til að fara yfir efni gagnanna.

Samkvæmt lögum eru launin þín lögð inn á þinn eigin bankareikning og þú átt að fá launaseðil í hvert skipti sem þú færð útborgað. Þú borgar skatta af launinum þínum en persónuafsláttur kemur til frádráttar á móti.

Félagsgjöld í stéttarfélag eru dregin af launum þínum, yfirleitt í kringum 1%. Þú getur leitað upplýsinga um réttindi þín og skyldur á vinnu- markaði hjá stéttarfélaginu þínu, þér að kostnaðarlausu. Þar er einnig hægt að sækja um styrki vegna ýmiss konar heilbrigðisþjónustu, til að fara á námskeið, fyrir líkamsrækt og fleiru.

### Introduction

This pamphlet contains useful information about Icelandic society and the Icelandic justice system, such as gender equality and equal status, residence permits, divorce, custody issues, issues regarding rights of access to children, financial issues and violence. It also contains information regarding where to seek assistance.

### Gender equality-equality for all

All adults in Iceland have the same rights and bear the same obligations according to law, irrespective of gender, skin colour, disability, race, nationality, origin, religion, life stance opinions, financial status, lineage, sexual orientation, gender identity, gender expression, intersex or any other status. This entails the right to control your own life and body, to earn your own income and a duty to provide for your family, care for your children, and participate in society.

Men and women are equal-also within a marriage.

### Financial issues

Individuals 18 years or older are financially competent. This means that you have control over your income and assets, can have a bank account in your name over which you have control and is inaccessible to others. You decide in which bank you have an account.

Do not sign any documents unless you understand their content and which obligations the signature entails. It is advisable to consult an impartial person to overview the documents and explain their content.

According to law, your salary is deposited into your private bank account and you should receive a pay slip each time your salary is paid. You pay taxes but you receive personal tax credit in return.

Union membership fees, usually around 1%, are deducted from your salary. You can seek information and advice regarding your rights and obligations in the labour market from your union, free of charge. You can also apply for reimbursement of costs for various health care services, courses, gym membership fees and other costs.

Stundum kemur fólk til landsins fyrir milligöngu annars aðila sem síðan krefur það um greiðslu vegna kostnaðar, oft með háum vöxtum. Ef þú ert í þeirri stöðu skaltu leita ráðgjafar t.d. hjá þínu stéttarfélagi, félagsþjónustu í þínu sveitarfélagi eða lögreglu. Einnig veitir Mannréttindaskrifstofa Íslands lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Að gera fólki upp skuld og neyða það til að vinna upp í hana er dæmi um mansal og með öllu ólöglegt.

## Hjónaband

Á Íslandi hefur fólk rétt til að velja sér maka óháð kyni eða kynhneigð. Ekki er hægt að skylda fólk til að ganga í hjónaband og leyfilegt er að búa saman án þess að ganga í hjónaband. Hjónabandi fylgja ýmis réttindi, s.s. samsköttun og erfðaréttur. Einungis er löglegt að vera í einu hjónabandi á hverjum tíma. Upplýsingar um hjúskap má nálgast hjá Þjóðskrá Íslands ([www.thjodskra.is](http://www.thjodskra.is)). Hjón taka sameiginlegar ákvarðanir varðandi málefni fjölskyldunnar og hvorugur aðilanna ræður yfir hinum. Framfærsluskylda er milli einstaklinga í hjónabandi og þeir bera sameiginlega ábyrgð á rekstri heimilisins. Hjón skulu, miðað við getu og aðstæður hvors einstaklings um sig, leggja fé til heimilishalds og til að mæta þörfum maka og barna. Framlag til heimilis þarf þó ekki að vera í formi peninga, vinnuframlag til heimilis eða annar stuðningur við fjölskyldu telst sambærilegt framlag og fjármunir.

## Hjónaskilnaður

Þú sækir um skilnað hjá sýslumanni í því umdæmi sem þú býrð. Þú getur fengið skilnað hvort sem maki þinn vill hann eða ekki. Oftast er fyrst gefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng og síðan er hægt að fá lögskilnað ári síðar. Séu hjón sammála um að sækja um lögskilnað er hann veittur að sex mánuðum liðnum en óska þarf sérstaklega eftir því. Hafi ofbeldi eða framhjáhald átt sér stað er hægt að sækja um lögskilnað strax.

### *Sáttavottorð*

Hjón sem fara með forsjá barna undir 18 ára aldri þurfa að leita sátta hjá presti eða forstöðumanni löggilts trúfélags tilheyri þau slíku félagi hér á landi. Ef hjón eru í sitt hvoru trúfélaginu eða ef annað þeirra eða bæði eru utan trúfélaga er leitað sátta hjá sýslumanni eða dómara eftir því hvar skilnaðarmálið er til meðferðar. Sáttavottorð mega ekki vera

Sometimes people come to this country through an intermediary who then demands reimbursement for costs incurred, often with high interest. If you're in this situation please seek counselling from e.g. your labour market union, the social services or police in your municipality. The Icelandic Human Rights Centre also provides legal advice for immigrants. To assign someone a debt and make him /her work it off is an indication of human trafficking and against the law.

## Marriage

In Iceland people have the right to choose who to marry, regardless of their gender or sexual orientation. No one may be forced into marriage and people may live together without being married. Various rights are established by marriage, such as joint taxation and inheritance rights. It is only legal to be in one marriage at a time. Information on marriage is available on the National Registry website ([www.thjodskra.is](http://www.thjodskra.is)). Both spouses make decisions regarding family affairs and neither has control over the other. They both have duty to support each other financially and bear joint responsibility for household maintenance. Both parties, according to their capacity and circumstances, should contribute towards the household and to meet the needs of their spouse and children. The contribution to the household does not need to be in the form of money, work within the household or other support to the family is also a contribution.

## Divorce

You file for divorce before the district commissioner in your area. You can be divorced whether your spouse wants it or not. Usually, a permit for separation is issued first and a divorce is granted a year later. Divorce may be granted after six months of separation if both parties agree to apply for a divorce at that time, but this must be specifically requested. It is possible to apply for an immediate divorce if your spouse has had an affair or used violence against you or any children living in your household.

### *Reconciliation certificate*

If a couple has custody of children under 18 years of age they need to seek reconciliation through a priest, or a representative of a legitimate religious association, if the couple belongs to such an association in Iceland. If the couple belong to different religious associations or one or both of them do not belong to any religious association the reconciliation is sought from the district commissioner or a judge, depending on where

eldri en sex mánaða þegar sótt er um skilnað. Eigi hjón engin börn eða eingöngu börn sem eru orðin eldri en 18 ára þurfa þau ekki sátta-vottorð. Í sátta-vottorði kemur fram að prestur, forstöðumaður trú-félags, sýslumaður eða dómari hafi reynt að sætta hjón en ekki tekist.

## *Skilnaðarleyfi útgefið af sýslumanni*

Til að sýslumaður geti gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng þurfa hjón að gera skriflegt samkomulag um skiptingu eigna og skulda. Samkvæmt lögum skiptast eignir jafnt milli hjóna við skilnað, nema séreignir (t.d. vegna kaupmála), en hvort um sig ber ábyrgð á sínum skuldum, s.s. námslánum. Það þýðir að hvor einstaklingur tekur þær skuldir sem hann er ábyrgur fyrir og helming sameiginlegra skulda, t.d. vegna sameiginlegs greiðslukorts.

Hafi hjón ekki komist að samkomulagi um forsjá þarf að leggja fram staðfestingu á því að annað þeirra hafi höfðað forsjármál fyrir dómi til að sýslumaður geti gefið út leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Nánari upplýsingar er að finna á: [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

## *Skilnaður fyrir dómi*

Mæti annað hjóna ekki til sýslumanns eða neiti að skilja þarf að ganga frá málinu fyrir dómstólum. Æskilegt er að ráðinn sé lög-maður til að flytja málið fyrir dómi (fólk má flytja málið sjálft). Eignaskiptasamningur eða úrskurður héraðsdóms um opinber skipti á búinu þarf þá að liggja fyrir en skiptastjóri sér um skiptingu eigna og skulda og tekur ákvarðanir um aðrar ráðstafanir sem falla undir hans valdssvið. Opinber skipti eru þegar dómari ákveður að skiptaráðandi skipti bú, t.d. við skilnað, eða dánarbúi. Til að ganga megi frá skilnaði fyrir dómi, þarf bú, að hafa verið tekið til opinberra skipta. Ef ekki er samkomulag um forsjá barna má reka skilnaðar-málið og forsjármálið sameiginlega.



the divorce case is being processed. Reconciliation certificates may not be older than 6 months upon filing for divorce. If a couple does not have children, or the children are older than 18 years, there is no need for a reconciliation certificate. In the certificate, a priest or a representative of a religious association certifies that attempts at reconciliation were unsuccessful.

### *Separation permit issued by the district commissioner*

In order for the district commissioner to issue a separation permit the married couple must sign a written agreement on the division of debt and assets. According to Icelandic law, the assets are divided equally between the spouses upon divorce, except for separate assets (for example due to a prenuptial agreement), but each person is responsible for their personal debt, such as student loans. That means you only take the debt that you are responsible for and half of any joint debt, for example half the debt on a joint credit card.

If the parties do not agree on custody, a confirmation that either party has sued for custody before a court must be presented so that the district commissioner can issue a separation permit. For further information: [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is).

### *Divorce granted by a court ruling*

If either party does not show up for appointments with the district commissioner or refuses to divorce, the case must be settled before court. It is preferable to hire a lawyer to you (you may also be your own representative). A contract on the division of the estate or a district court ruling on a public division of the estate must be provided. A liquidator is appointed to oversee the division of assets and debt and make other decisions falling under his scope of competence. A public division of an estate takes place upon a ruling by a judge for a liquidator to divide the estate, for example upon divorce or a death estate. In order for a divorce to be settled before court, it needs to be confirmed that the estate has been taken for public division. If there is no agreement on the custody of children, the divorce and custody case can be tried jointly.

Það er refsivert samkvæmt íslenskum lögum að neyða einhvern, af hvaða kyni sem er, til að ganga í hjónaband. Einstaklingar hafa verið neyddir til að ganga í hjónaband eða eru að reyna að losna úr nauðungarhjónabandi, geta fengið ráðgjöf og aðstoð hjá Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðum, félagsþjónustu sveitarfélags, lögreglunni, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kvennaathvarfinu í Reykjavík eða Akureyri, Kvennaráðgjöfinni og Fjölmenningssetri. Sama gildir um einstaklinga sem hafa verið er beittir ofbeldi af maka sínum, sambýlisaðila, kærasta/u eða öðrum nákomnum. Sjá kaflann um ofbeldi.

## Sambúð

Fólk getur skráð sig í sambúð og notið ýmissa réttinda sem því fylgja s.s. samsköttunar. Þegar fólk er í sambúð á það hvort um sig þær eignir og skuldir sem það er skráð fyrir og sameiginlegar eignir skiptast milli þeirra við sambúðarslit. Fólk í sambúð erfir ekki hvort annað nema að gerð hafi verið erfðaskrá þar um.

## Sambúðarslit

Barnlaust fólk sem slítur sambúð þarf einungis að tilkynna um breytt lögheimili til Þjóðskrár Íslands. Hjá barnafólki er meginreglan sú að forsjá með börnum sé sameiginleg og þarf að tilkynna það til sýslumanns. Ef ekki er samkomulag um forsjá þurfa foreldrar að fara í sátttaferli og leita til dómstóla. Nánari upplýsingar eru að finna í kaflanum um forsjá.

Sé annar aðilinn skráður eigandi allra eða meirihluta eigna getur hinn gert kröfu um hlutdeild í eignamyndun á sambúðartímanum. Þá er metið hversu mikið hvor aðili um sig hefur lagt til við myndun þeirra eigna sem eru til staðar við sambúðarlok. Hafi framlagið verið sambærilegt þá er líklegt að dómari úrskurði að eignir skiptist jafnt milli aðila.

It is punishable by Icelandic law to force a person, regardless of their gender, to marry. Persons who have been forced to marry or are trying to break free from a forced marriage, can receive guidance and assistance from Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðir, the social services in their municipality, the police, the Icelandic Human Rights Centre, the Women's shelter in Reykjavík or Akureyri, the Women's Counselling and the Multicultural and information Centre. The same applies to persons who have been subject to violence by their spouse/cohabiting partner/boyfriend/girlfriend or others close to them. See more in the section on violence.

## Cohabitation

Partners may register their cohabitation in order to derive various rights, such as joint taxation. When people live together, they each own the assets and bear responsibility for the debt which they are registered for and joint assets are divided between them when the cohabitation ends. If either of the cohabiting partners dies, the other one does not have inheritance rights unless a will has been made naming that partner as beneficiary.

## Ending cohabitation

A childless couple ending cohabitation only needs to register a new legal residence with the National Registry. For couples with children, joint custody is the main-rule at the end of cohabitation, and the district commissioner must be notified on the custody arrangement. If there is disagreement on custody, the parents must go through a reconciliation process and if unsuccessful, the case must be taken to court. See further: section on custody.

If one party is registered as the owner of all or the majority of assets, the other party can make a claim for a share of the assets gained during the period of cohabitation. This means that, upon ending cohabitation, an assessment is made of the contribution of each partner to the estate during the cohabitation period. If the contribution has been equal, it is likely that a judge will rule that the assets shall be divided equally between the parties.

## Pungun

Gangir þú með barn ber þér að fara í mæðraeftirlit á heilsugæslustöð eða heilbrigðisstofnun, en fyrsta viðtal fer venjulega fram í kringum 10. til 12. viku meðgöngu. Ef einhverjar spurningar vakna eða ef þörf er á ráðgjöf varðandi meðgönguna er hægt að fá viðtal hjá heimilislækni eða ljósmóður í mæðravernd fyrr. Gott er að bóka tíma þegar ljóst er að viðkomandi er barnshafandi. Mæðraeftirlit er þér að kostnaðarlausu, sex mánuðum eftir skráningu í Þjóðskrá Íslands. Mörgum finnst gott að hafa einhvern með sér í mæðraeftirlit, s.s. hitt foreldrið.

Verðir þú barnshafandi en viljir ekki eignast barn hefur þú aðgang að þungunarrofi fram að lokum 22. viku þungunar. Þungunarrof skal þó ætíð framkvæmt eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok 12. viku þungunar. Áður en þungun er rofin áttu kost á fræðslu og ráðgjöf læknis, hjúkrunarfræðings, ljósmóður og félagsráðgjafa, eftir því sem þörf krefur. Eftir þungunarrof áttu kost á stuðningsviðtali. Hægt er að velja milli þess að fara í aðgerð eða nota lyf til að koma af stað ferli sem líkist náttúrulegu fósturláti. Þungunarrof kostar ekkert ef þú ert skráð/ur í íslenska heilbrigðiskerfið (það gerist 6 mánuðum eftir að einstaklingur hefur skráður lögheimili í Þjóðskrá Íslands en strax ef hann er EES-borgari og hefur lagt fram gilt vottorð frá heimalandi, (t.d. E-104). Til að pantta tíma eða fá frekari upplýsingar er best að hringja í kvennadeild Landspítalans í síma 543 3600 eða hafa samband við heilsugæslu.

Öll ráðum við sjálf yfir líkama okkar. Það er ákvörðun hvers og eins hvort gengið sé með barn eða þungunin rofin. Í apótekum er hægt að kaupa pillu til að taka eftir samfarir til að koma í veg fyrir þungun. Hægt er að fá upplýsingar um getnaðarvarnir hjá heimilislækni eða á heilsugæslustöð.

Þekkt er að ofbeldi í samböndum geti hafist eða aukist á meðgöngu. Verðir þú fyrir ofbeldi á meðgöngu er mikilvægt að leita aðstoðar í Kvennaathvarfinu, í Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðum eða hjá lækni, hjúkrunarfræðingi eða ljósmóður í mæðraeftirliti.

## Pregnancy

If you are expecting a child, you go for a prenatal examination at your nearest health care clinic or health institution, the first one usually around the 10-12<sup>th</sup> weeks of pregnancy. If you have any questions or need counselling regarding the pregnancy you can get an appointment sooner with a doctor or a midwife in prenatal care. It is advisable to call and make an appointment soon after you become aware of the pregnancy. The prenatal care is free of charge six months after registering your legal residence in the National Registry. Many like to take someone with them to prenatal care appointments, for example the other parent.

If you become pregnant and you do not wish to have a child, you may request an termination of pregnancy before the end of the 22<sup>th</sup> week of pregnancy. The termination of pregnancy should always be performed as soon as possible and preferably before the end of the 12<sup>th</sup> week of pregnancy. Before terminating the pregnancy, you have access to information and advice from a doctor, nurse, midwife and social worker, as needed. After a termination of pregnancy, you have the option to get a support interview. You may choose between a surgical procedure and medically induced abortion similar to abortion by natural causes. A termination of pregnancy is free of charge if you are registered into the Icelandic health care system (which occurs after having legal residence in Iceland for 6 months, or if you are an EEA citizen and have presented a valid certificate from your home country, e.g. E-104). To book an appointment or to have further information it is best to call the Landspítali Department of Obstetrics and Gynaecology, telephone number 543 3600 or contact your nearest health care clinic.

Everyone has the right to their own body and can decide for themselves whether or not to have a child or to end a pregnancy. A pill to take after intercourse to prevent pregnancy is available in pharmacies. Information on contraception may be had from a family doctor or a health care clinic.

It is a known fact that violence in intimate relationships may start or escalate during pregnancy. If you are being subject to violence during pregnancy it is important that you seek assistance from the Women's Shelter, in Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðir, or a doctor, nurse or a midwife in prenatal care.

## Heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers sem er honum nákominn, skyldur eða tengdur, eins og maki, fyrrverandi maki, barn, foreldri, barnsfaðir, barnsmóðir, systkini eða forsjáradili. Heimilisofbeldi getur verið líkamlegt, andlegt ofbeldi, fjárhagslegt, kynferðislegt eða stafrænt auk ýmiss konar hegðunar sem felur í sér ógnun, hótun, stjórnun og/eða þvinganir. Þolandi og gerandi þurfa hvorki að búa saman né vera gift til að ofbeldið flokkist sem heimilisofbeldi. Heimilisofbeldi þarf heldur ekki að vera bundið við heimili geranda eða brotaþola.

Oft eiga einstaklingar sem búa við heimilisofbeldi erfitt með að gera sér grein fyrir því. Hér er listi sem getur hjálpað þér að átta þig á hvort þú býrð við heimilisofbeldi eða ekki.

### Á eitthvað af eftirtöldu við um maka þinn?

- Óttastu hann undir einhverjum kringumstæðum?
- Er hann uppstökkur, skapbráður og/eða fær bræðiköst?
- Verður hann auðveldlega reiður undir áhrifum áfengis?
- Reynir hann að koma í veg fyrir að þú farir þangað sem þú vilt fara eða að þú stundir vinnu, skóla eða áhugamál?
- Fylgist hann með þér hvar og hvenær sem er?
- Ásakar hann þig sífellt um framhjáald?
- Gagnrýnir hann þig, vini þína og/eða fjölskyldu?
- Ásakar hann þig stöðugt og/eða gefur í skyn að ekkert sem þú gerir sé rétt eða nógu vel gert?
- Segir hann að "eitthvað sé að þér", t.d. að þú sért geðveik/ur/t?
- Gerir hann lítið úr þér fyrir framan aðra?
- Hefur hann yfirráð yfir fjármálum ykkar og krefst skýringa á hverri krónu?
- Eyðileggur hann persónulegar eigur þínar af ásettu ráði?
- Hrópar hann á þig eða öskrar á þig eða börnin?
- Ógnar hann þér með svipbrigðum, hreyfingum eða bendingum?
- Hótar hann að skaða þig, börnin eða aðra þér nákomna?
- Þvingar hann þig til kynlífs?
- Hefur hann ýtt við þér, hrint þér, slegið til þín eða slegið/barið þig eða börnin?

## Domestic violence

Domestic violence is violence which an individual is subject to by someone they are in an intimate relationship with or related to, such as a spouse, ex-spouse, child, parent, the father or mother of their child/children, sibling or custodian. Domestic violence can be physical, psychological, financial, sexual or cyber/digital as well as various forms of intimidation, threats and controlling and/or coercing behaviour. The perpetrator and the victim do not have to be living together in order for the behaviour to be defined as domestic violence. Domestic violence is also not confined to the home of the perpetrator or victim.

### Does any of the following apply to your spouse?

- Do you fear him under any circumstances?
- Is he hot-headed, quick-tempered and/or has fits of rage?
- Is he volatile under the influence of alcohol?
- Does he try to prevent you from going where you want to go; to work, to school or to pursue a hobby?
- Does he monitor your comings or goings?
- Is he constantly accusing you of being unfaithful to him?
- Does he criticise you, your friends and/or your family?
- Is he constantly accusing you - nothing you do is right or good enough?
- Does he tell you that there is “something wrong with you”, even that you are “insane”?
- Does he belittle you in front of others?
- Does he control your finances and demand an explanation for every krona?
- Does he destroy your personal belongings on purpose?
- Does he yell/scream at you or the children?
- Does he threaten you using facial expressions, movements or gestures?
- Does he threaten to harm you, the children or others close to you?
- Does he force you to have sex?
- Has he pushed, shoved, slapped or hit/beaten you or the children?

Most children who experience violence have various problems. Even if they are not subject to violence or witness it themselves, it may still have severe effect on them. Domestic violence increases the risk of social problems, study problems, behavioural problems, anxiety and problems with bonding for children living in a domestic violence situation. Many par-

Börn sem búa við ofbeldi glíma flest við margþættan vanda. Þótt börn verði ekki sjálf fyrir ofbeldi, eða séu beint vitni að því, getur það haft alvarlegar afleiðingar fyrir þau. Ofbeldi á heimilinu eykur líkurnar á félagslegum vandamálum, námsvanda, hegðunarvanda, kvíða og vanda við að mynda tengsl hjá börnum sem þar búa. Margir foreldrar eða forráðamenn halda að þeir geti leynt ofbeldinu fyrir börnunum en það er sjaldnast raunin. Börn verða oft óbeint vitni að ofbeldi, t.d. þegar þau heyra hvað gerist í næsta herbergi, taka eftir ummerkjum ofbeldisins á heimilinu eða skynja spennu og vanlíðan foreldra sinna.

Ef þú býrð við ofbeldi getur þú leitað til 112, Kvennaathvarfsins, félagsþjónustu, Bjarkarhlíðar, Bjarmahlíðar, Sigurhæða eða Afslsins. Það er mikilvægt að kalla til lögreglu og fara á slysadeild eða til læknis til að fá áverkavottorð ef það á við. Öll slík tilvik eru skráð og það getur meðal annars skipt máli varðandi framlengingu dvalarleyfis eftir skilnað að hægt sé að sýna fram á að viðkomandi hafi búið við ofbeldi. Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum um dvalarleyfi.

Opið er allan sólarhringinn í Kvennaathvarfi í Reykjavík og á Akureyri og þar geta konur búið tímabundið, einar eða með börnum sínum, eða komið þangað í viðtöl. Konur geta leitað þangað hvort sem þær hafa orðið fyrir líkamlegu eða andlegu ofbeldi og eins ef þeim hefur verið hótáð ofbeldi. Í Kvennaathvarfi í Reykjavík og á Akureyri er boðið upp á aðstoð við næstu skref, t.d. að leita til lögreglu, læknis og félagsþjónustu. Dvöl þar er ókeypis og fá konur og börn mat og aðrar nauðsynjar. Fengin er aðstoð túlks þegar þess þarf.

Nauðgun og annað kynferðisofbeldi í hjónabandi, sambúð eða ástarsambandi er refsivert. Maki þinn á ekki rétt á kynmökum, kynmök þurfa alltaf að vera með samþykki.

## Kynferðisofbeldi

Kynferðisofbeldi er þegar einstaklingur er fenginn til kynferðislegra athafna gegn vilja sínum eða án samþykkis eða þegar kynferðislegum



ents and custodians believe that they can hide the abuse from the children but this is rarely the case. Children often experience violence indirectly, e.g. when they hear what is going on in the next room, see the signs of violence in the home or sense the tension and ill feeling between their parents.

If you are in an abusive relationship you can contact 112, the Women's Shelter, social services, Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðir, or Aflíð. It is important to call the police and go to the emergency ward or a doctor to get a medical certificate of the injuries sustained if applicable. This may be of importance for the extension of a residence permit after a divorce, as all cases are registered. See the section on residence permits.

The Women's Shelter in Reykjavik and Akureyri is open 24 hours a day and women can stay there temporarily, either alone or with their children, or go there for interviews. Women may seek assistance at the shelter regardless of whether they have endured psychical or psychological abuse and also if they have been threatened with violence. The Women's Shelter in Reykjavik and Akureyri provides assistance with taking the next steps, such as contacting the police, a doctor and social services. The stay is free and women and children staying there are provided with food and other necessities. If needed, the assistance of an interpreter is provided.

Rape and sexual abuse in a marriage, cohabitation or an intimate relationship is punishable by law. Your spouse is not entitled to sexual intercourse if it depends on your consent.

## Sexual violence

Sexual violence occurs when an individual is made to commit sexual acts against his/her/their will or if uninstigated and unwanted remarks or behaviour of a sexual nature are directed against an individual. Sexual violence is not only the use of psychical force but also unwanted sexual behaviour with or without contact. Cyber/digital violence can also be a form of sexual violence.

athugasemndum eða /athöfnum er beint að einstaklingi í óþökk hans. Kynferðisofbeldi er ekki eingöngu líkamleg valdbeiting heldur einnig óumbeðin og óviðeigandi kynferðisleg hegðun með eða án snertingar. Stafrænt ofbeldi getur einnig verið dæmi um kynferðisofbeldi.

## **Neyðarmóttaka fyrir þolendur kynferðisofbeldis**

Á Íslandi eru starfræktar tvær neyðarmóttökur fyrir fólk sem hefur verið beitt kynferðisofbeldi eða gerð tilraun til þess. Önnur á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss í Fossvogi og hin á slysideild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri. Hægt er að hringja á undan sér og tilkynna komu sína.

## *Nauðgun*

Nauðgun er þegar einhver hefur samræði eða önnur kynferðismök við manneskju án samþykkis hennar. Nauðgun felst í því að einstaklingur neyðir annan einstakling til kynferðismaka, hvort sem um er að ræða samfarir eða aðrar athafnir sem tíðkast í kynlífi eða gætu kallast kynferðislegar.

## *Kynferðisleg áreitni*

Kynferðisleg áreitni er þegar einstaklingur beinir kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum að manneskju gegn vilja hennar. Upplifi viðkomandi að um kynferðisofbeldi sé að ræða, er það raunin, því þá hefur verið farið yfir persónuleg mörk viðkomandi.

## *Stafrænt ofbeldi*

Stafrænt ofbeldi felur meðal annars í sér áreitni, fjárkúgun, hótanir, auðkennisþjófnað og dreifingu á persónulegum gögnum, ljósmyndum og myndböndum á netinu án samþykkis viðkomandi.

## *Vændi*

Í íslenskum lögum er vændi skilgreint sem kynferðisofbeldi og er með öllu ólöglegt að kaupa vændi, hafa milligöngu um það og auglýsa það. Það er ekki ólöglegt að vera í vændi og því þarf fólk í vændi ekki að óttast refsingu. Fólk sem er í vændi og/eða hefur hug á að komast út úr því getur fengið aðstoð hjá Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðum eða Stígamótum.

### **Emergency Rape Wards**

In Iceland two emergency rape wards are operated for people who have suffered sexual violence or attempted sexual violence. One is in Reykjavík, at the Landspítali Háskólasjúkrahús (the National Hospital) emergency ward in Fossvogur and the other is at the emergency ward at Fjórðungssjúkrahús in Akureyri. It is advisable to call ahead for service at the emergency wards.

### *Rape*

Rape occurs when an individual has sexual intercourse with, or performs another form of sexual acts on another individual without his/her/their consent. Rape means that an individual is forced into sexual acts, regardless of whether it is sexual intercourse or other acts of a sexual nature.

### *Sexual harassment*

Sexual harassment occurs when an individual directs sexual acts, dialogue or pictures at another individual against his/her/their will. It is sexual violence if that individual perceives this as such since his/her/their personal boundaries have been crossed.

### *Cyber/digital violence*

Cyber/digital violence entails harassment, blackmail, identity theft and distribution of personal data, photos and tapes on the internet without the subject's consent.

### *Prostitution*

Under Icelandic law prostitution is defined as sexual violence and the buying, facilitation and advertising of sexual services is punishable by law. Prostitution is not punishable by law and people in prostitution do therefore not need to fear punishment. People in prostitution or who are trying to leave may seek assistance from Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðir or Stigamót.

### *Trafficking*

Trafficking in persons is the recruitment, transportation, transfer, harbouring or receipt of persons, by means of threat or use of force or other forms of coercion, of abduction, of fraud, of deception, of the abuse of power or of a position of vulnerability or of the giving or receiving of payments or benefits to achieve the consent of a person having control

## Mansal

Í mansali felst að einstaklingur er fluttur, afhentur, hýstur eða tekinn með ólögumætri nauðung, frelsissviptingu, hótunum eða blekkingum til hagnýtingar í formi kynferðislegrar misnotkunar, nauðungarvinnu eða brottnáms líffæra.

Hafi bágar aðstæður einstaklings leitt til þess að hann sé í vændi, vinni í klámiðnaði eða öðrum kynlífsiðnaði og annar aðili hagnýti sér viðkomandi þá er um mansal að ræða.

Að taka af þér vegabréf eða önnur skilríki til þess að hefta ferða-frelsi þitt eða til að koma í veg fyrir að þú getir gert grein fyrir þér er ólöglegt á Íslandi og refsivert.

## Hótanir

Ofbeldisfólk beitir oft hótunum til að kúga. Algengar hótanir sem upp koma á Íslandi gagnvart innflytjendum eru til dæmis þegar íslenskur maki segist geta látið vísa erlendum maka úr landi, ýmist með því að gefa lögreglu eða Útlendingastofnun rangar upplýsingar eða af því að hann eigi vini á þessum stöðum. Önnur algeng hótun snýst um að íslenskt foreldri muni fá forsjá barns eða barna, ýmist vegna þess að hitt foreldrið sé af erlendum uppruna eða vegna þess að yfirvöldum verði tilkynnt að viðkomandi sé óhæfur uppalandi.

Hótanir af þessu tagi eru oft innihaldslausar og settar fram til þess eins að vekja ótta og óöryggi. Rétt er að benda á að í þeim málum sem snúa að réttindum til dvalar á Íslandi, forsjá barna eða einhverju öðru sem opinberum aðilum ber að ákvarða fara opinberir aðilar að lögum, skoða aðstæður og atvik hvers máls fyrir sig og byggja ákvörðun sína á þeim. Niðurstaðan fer því aldrei eftir vilja eða orðum eins einstaklings.

Sumar hótanir eru innihaldslausar og notaðar sem stjórnþæki á meðan aðrar eru refsiverðar. Ef þú ert í vafa getur þú leitað til Mannréttinda-skrifstofu Íslands, Bjarkarhlíðar, Bjarmahlíðar, Sigurhæða, lögreglu eða félagsþjónustu þíns sveitarfélags.

over another person, for the purpose of exploitation. Exploitation shall include, at a minimum, the exploitation of the prostitution of others or other forms of sexual exploitation, forced labour or services, slavery or practices similar to slavery, servitude or the removal of organs.

It is trafficking in persons if a person's vulnerable situation has led to him/her/them being in prostitution, working in the pornography industry or other sex industry and another person is exploiting their situation.

To confiscate your passport or other identification in order to restrict your freedom of movement or to prevent you from verifying your identity is illegal in Iceland and punishable by law.

## Threats

Abusive people often use threats as means of control and oppression. An example of a threat commonly used by an abusive partner against his foreign spouse, is that he can have him/her/them deported with a single telephone call, either by giving the police or the Directorate of Immigration false information, or because he has friends within these institutions. Another common threat is a claim that the abuser will get custody of their child or children because she/he/they are of foreign origin or that he will tell the authorities that they are an unfit parent.

Threats like these are often ungrounded and posed only to incite fear and insecurity. Whether it concerns the right to stay in Iceland, which parent will have custody of children or something else entirely, it is subject to decision made by public authorities who follow the law, examine the circumstances and merits of each case individually and base their decision on these factors. Therefore, the result is never based on the wishes or claims of one person.

Some threats are ungrounded and used as means of control while other threats are actually punishable by law. If you are in doubt you can seek advice from the Icelandic Human Rights Centre, Bjarkarhlíð, Bjarmahlíð, Sigurhæðir the police or the social services in your municipality.

## Kæra til lögreglu

Ef brotaþoli ætlar að kæra ofbeldi til lögreglu er best að hafa áverka-vottorð en það er hægt að fá hjá lækni. Ef um kynferðisbrot er að ræða er mælt með því að brotaþoli leiti til neyðarmóttöku þar sem tekin er skýrsla af honum. Slík gögn geta styrkt rannsókn lögreglu og stytt ferlið í réttarvörslukerfinu.

Kæurur vegna ofbeldis eru lagðar fram hjá lögreglu í því lögreglu-umdæmi þar sem ofbeldið átti sér stað. Lögreglu ber að hefja rannsókn á öllum kærurum og hefst rannsóknin yfirleitt með því að lögregla tekur skýrslu af kæranda. Eftir það tekur réttarkerfið við málinu og er kær-andi þá ekki lengur aðili að máli sínu nema sem vitni. Telji lögreglan ekki tilefni til að hefja rannsókn eða grundvöll til að halda henni áfram, getur hún ákveðið að vísa kærur frá eða fella rannsókn niður en þá ákvörðun má kæra til ríkissaksóknara.

Í kynferðisbrotamálum er lögreglu skylt að tilnefna brotaþola réttar-gæslumann í tengslum við rannsókn málsins óski hann þess. Brota-þola er einnig heimilt að velja sér réttargæslumann sjálfur og taka hann með sér til lögreglu þegar kært er. Brotaþoli greiðir ekki fyrir þjónustu réttargæslumanns. Hlutverk réttargæslumanns er að gæta hagsmuna kæranda og veita honum aðstoð í málinu. Það má líka fara fram á að fá réttargæslumann þegar kært er vegna heimilisofbeldis en í þeim tilvikum metur lögregla hvort hann verði tilnefndur.

Brotaþoli, lögregla eða félagsmálayfirvöld geta óskað eftir nálgunar-banni vegna ofbeldis. Einnig geta sömu aðilar óskað eftir brottvísun af heimili. Nálgunarbann felur í sér að viðkomandi er bannað að koma á tiltekinn stað eða svæði, veita eftirför, heimsækja eða setja sig með öðrum hætti í samband við brotaþola t.d. með tölvupóstsendingum eða með því að senda sms. Með brottvísun af heimili er átt við að einstaklingi sé vísað af heimili sínu eða dvalarstað og honum bannað að koma þangað aftur í tiltekinn tíma. Beiðni um nálgunarbann eða brottvísun af heimili skal beint til lögreglu.

## Forsjá barna

Eigir þú börn berðu ábyrgð á velferð þeirra og hefur skyldur gagnvart þeim. Þér ber t.d. að vernda þau gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi. Forsjá

## Pressing charges before the police

If a victim of violence wants to press charges it is advisable to get a medical certificate regarding injuries sustained, which may be obtained from a medical doctor. In cases of sexual violence it is advisable to visit the emergency rape ward where a statement will be taken. This evidence is likely to strengthen the police investigation and shorten the case process in the penal system. Charges are pressed before the police in the district where the act/s of violence took place. The police must open an investigation into all charges, usually starting by taking the victim's statement. As soon as the police has issued a report on the incident/s the criminal justice system is activated and a victim becomes a witness in his/her/their own case. If the police does not see grounds to open or continue an investigation, they can decide to dismiss or drop the investigation. This decision may be referred to the State Prosecutor.

Under the investigation of sexual offences, the police must, upon the victim's request, appoint a legal rights protector to the victim. The victim may choose the legal rights protector and bring him to the police upon pressing charges. The services of the legal rights protector are free of charge and his role is to guard the victim's interests and assist her/him/them in the case. A request for a legal rights protector may also be made upon pressing charges in cases of domestic violence or violence in intimate relationships but then the police decides upon assessment whether or not to appoint one.

A victim, the police or social services may request a restraining order on grounds of violence. The same parties may also request that the abusive person be removed from his/her/their home. A restraining order means that a person may not enter a specific place or area, stalk, visit or by any other means be in contact with another specific person, e.g. by sending emails or text messages. Expulsion from the home means that a person is removed from her/his/their home and banned to return until a certain time has passed. A request for a restraining order or expulsion from the home must be brought before the police.

## Custody of children

If you have children you are responsible for their welfare and have obligations towards them. For example you must protect them from psychological and physical abuse. Custody means that you must take care of all the child's needs and make decisions such as where the child shall live, what school it shall attend, whether it learns a musical instrument or

Þýðir að þú þarft að sjá fyrir öllum þörfum barnsins og taka ákvarðanir um hvar barnið eigi að búa, í hvaða skóla það eigi að ganga, hvort það læri á hljóðfæri eða stundi íþróttir svo eitthvað sé nefnt. Forsjánni fylgir að þú þarft að mæta á foreldrafundi í leikskóla og skóla barnsins og þar sem barnið stundar íþróttir, tónlistarnám o.s.frv. Sambúðarfólk og hjón sem eiga barn saman hafa sameiginlega forsjá og er það einnig meginreglan við skilnað eða sambúðarslit. Þrátt fyrir að forsjáinn sé sameiginleg, þarf barnið að eiga lögheimili hjá öðru foreldrinu samkvæmt samkomulagi. Foreldri sem fer eitt með forsjá barns síns og gengur í hjónaband með öðrum en hinu foreldrinu, getur tekið ákvörðun um sameiginlega forsjá með stjúpforeldrinu. Sama gildir ef sambúð foreldris og stjúpforeldris hefur verið skráð í þjóðskrá í eitt ár samfleytt. Ef foreldrar með sameiginlega forsjá ná ekki samkomulagi, eftir skilnað eða sambúðarslit, um hvar barnið skuli búa innanlands, hvaða daggæslu, leikskóla og grunnskóla það fari í, hvaða heilbrigðisþjónustu það njóti og hvaða tómsundastarfi það taki þátt í, þá ákveður það foreldri sem barnið á lögheimili hjá um þessi atriði. Ef forsjá er sameiginleg þarf foreldri samþykki hins foreldrisins til að fara með barnið úr landi. Náist ekki samkomulag um utanlandsferð, er hægt að óska úrskurðar sýslumanns.

Séu foreldrar ekki sammála um tilhögun forsjár eða umgengni er þeim skylt að leita sátta áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá. Sama gildir ef krafist er dagsekta vegna brota á umgengni. Sýslumaður skal bjóða aðilum sáttameðferð en þeir geta einnig leitað til annarra aðila sem hafa sérþekkingu á sáttameðferð og málefnum barna.

## *Skipt búseta barns/a*

Foreldrar sem fara sameiginlega með forsjá barns án þess að búa saman geta samið um skipta búsetu barns þannig að barnið eigi fasta búsetu hjá þeim báðum. Forsendur þess að semja um skipta búsetu barns eru þær að foreldrar geti komið sér saman um atriði er snúa að umönnun og uppeldi barnsins og að búsetu foreldra sé þannig háttað að barnið sæki einn skóla eða leikskóla og eigi frjálsan og greiðan aðgang að samfelldu tómsundastarfi og öðrum frístundum frá báðum heimilum. Ef samið er um skipta búsetu barns skulu foreldrar ákveða hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga lögheimili og hjá hvoru þeirra barnið skuli eiga búsetuheimili hér á landi. Þetta gildir ekki um hjón sem



practices sports to name a few. Custody of a child means that you must attend parental meetings at the child's preschool and elementary school and where the child practices sports, takes music lessons and so on. Married couples and cohabiting couples have joint custody and that is also the main-rule upon divorce or upon ending cohabitation. Even if the parents have joint custody they need to reach an agreement on with which of them the child shall have legal residence. If a parent who has sole custody of his/her child marries another person than the other parent, he/she/they may enter into an agreement with the step parent on joint custody. The same applies if the cohabitation between the parent and the step parent has been registered into the National Registry for one consecutive year. If parents with joint custody cannot reach an agreement, after a divorce or break-up, about where the child should live within the country, which day-care, kindergarten and elementary school the child will attend, which health services the child will receive and which extra-curricular activities the child will participate in, then the parent with whom the child has legal residence will decide about these matters. If the parents have joint custody each parent needs permission from the other for leaving the country with the child. If an agreement on travelling abroad can not be reached, a request can be made to the district commissioner for a ruling on the right to travel abroad with the child.

If parents do not agree on custody or right of access (visitation rights) they must undergo a conciliation process before requesting a ruling or suing for custody. The same applies to requests for daily fines due to violations of right of access. The district commissioner shall offer conciliation to the parties but they are also free to seek the services of others specialised in conciliation and children's issues.

### *Shared residence of child/children*

Parents who have joint custody of a child without living together can agree on the child's shared residence, so that the child has a permanent residence with both of them. The prerequisites for negotiating a change of residence for a child are that the parents can agree on issues related to the care and upbringing of the child and that the parents' residence is arranged in such a way that the child attends one school or kindergarten and has free and easy access to continuous leisure activities and other free time from both homes. If there is an agreement to change the residence of a child, the parents must decide with which of them the child shall have a legal domicile and with which of them the child shall have a residence domicile in Iceland. This does not apply to married couples who

skrá lögheimili hvort á sínum staðnum. Við staðfestingu sýslumanns á samningi um skipta búsetu fellur niður samningur, úrskurður, dóm-sátt eða dómur sem kann að liggja fyrir um umgengni og meðlag.

## *Forsjár- og lögheimilismál útkljáð fyrir dómi*

Náist ekki samkomulag um forsjá eða lögheimili barns verður að höfða dómsmál. Æskilegt er að lögmaður sé fengin til að flytja málið. Dómarinn hefur hagsmuni barnsins að leiðarljósi þegar hann ákveður hvort foreldrið skuli hafa forsjána eða hvort forsjáin skuli vera sameiginleg. Meðal þess sem dómarinn skoðar eru tengsl barnsins við foreldra sína, hvort þeirra hafi séð meira um daglega umönnun þess, hvort þeirra sé líklegra til að virða rétt barnsins til umgengni við hitt foreldrið og hvort barnið, foreldrið eða aðrir á heimilinu hafi orðið eða verði fyrir ofbeldi eða eigi það á hættu.

## **Gjafsókn**

Ef deilur vegna skilnaðar eða forsjár barna verða ekki leystar öðru-vísi en með dómi er rétt að kanna möguleika á gjafsókn í málinu. Í gjafsókn felst að kostnaður aðila í dómsmáli er greiddur úr ríkissjóði, ýmist að hluta eða öllu leyti. Gjafsókn nær þó aldrei til þess kostnaðar sem sá sem tapar málinu getur þurft að bera sé hann dæmdur til að greiða málskostnað gagnaðilans. Bæði sá sem höfðar mál og sá sem er stefnt geta sótt um gjafsókn en venjulega sér lögmaður hvors aðila um sig um umsókn til gjafsóknarnefndar. Nánari upplýsingar er að finna á vef Fjölmenningsseturs, [www.mcc.is](http://www.mcc.is).

each register their legal domicile in their own place. Upon confirmation by the magistrate of an agreement on shared residence, any agreement, ruling, court settlement or judgment that may exist regarding visitation and maintenance is cancelled.

If a parent believes that the conditions for a child's shared residence have been broken, they can turn to a magistrate who will confirm the termination of the agreement. An agreement on the shared residence of a child also expires when a case is filed by one parent against the other regarding the child's custody or legal domicile. The agreement on the division of residence of a child also expires when one parent moves out of the country. After the termination of the agreement on the division of residence of a child, the legal domicile of the child shall remain with the parent with whom the child has registered legal domicile, unless the parents agree otherwise.

### *Custody and legal residence issues settled before court*

If there is no agreement on the legal residence or custody of a child a court case must be filed. It is preferable to hire an attorney to present the case before the court. A judge will base his ruling whether to grant joint custody or sole custody to one parent on what is in the child's best interest. The judge e.g. takes note of the child's relationship with each parent, which parent has been more involved in taking care of the child and which parent is more likely to respect the child's right of access to the other parent as well as the risk of the child, the parent or others in the home to be or have been in danger of being subject to violence.

### **Legal aid**

If a divorce or a custody issue cannot be resolved by any other means than a court ruling it is advisable to explore the possibility of getting legal aid. Legal aid entails that the litigation expenses of one or more parties to the case are paid from the State Treasury, in part or entirely. However, legal aid never covers the expenses that the party losing the case may have to pay if he is sentenced to pay the litigation costs of the opposing party. Both the plaintiff and the defendant can apply for legal aid (usually the lawyer for each party handles the application to the legal aid committee). For further information see: [www.mcc.is](http://www.mcc.is).

## Umgengnisréttur

Barn á rétt á umgengni við báða foreldra sína þótt þeir búi ekki saman. Best er fyrir barnið að foreldrar geri samkomulag um umgengni. Það þýðir að þeir ákveða saman hve oft og hve lengi barnið dvelji hjá því foreldri sem það býr ekki hjá. Ef ekki næst samkomulag um umgengni er hægt að óska eftir úrskurði sýslumanns að undangenginni sáttameðferð.

Sýslumaður ákveður umgengnisréttinn eftir aðstæðum hverju sinni.

Fari foreldri ekki eftir umgengnissamningi eða vilji breyta honum er haft samband við sýslumann. Þar er einnig hægt að fara fram á dagsektir ef samningi er ekki fylgt.

## Meðlagsgreiðslur

Það foreldri sem barn á lögheimili hjá á rétt á greiðslu meðlags frá hinu foreldrinu, upp í framfærslukostnað, þar til barn nær 18 ára aldri. Við skilnað eða sambúðarslit er oftast gert samkomulag um meðlag og það staðfest af sýslumanni. Náist ekki samkomulag úrskurða sýslumenn eða dómstólar um meðlagsskyldu (ef forsjármál er rekið fyrir dómi). Ungmenni á aldrinum 18 til 20 ára getur farið fram framlag vegna menntunar. Sækja þarf sérstaklega um þær greiðslur til sýslumanns. Hafi foreldrar samið um skipta búsetu barns/a er gert ráð fyrir að þau séu sammála um hvor þeirra greiði einstaka kostnaðarliði eða hvernig þeir deili kostnaði vegna framfærslunnar. Þá er ekki unnt að óska staðfestingar á samningi um meðlag, krefjast úrskurðar um meðlag eða njóta milligöngu Tryggingastofnunar ríkisins um greiðslu meðlags.

Tryggingastofnun ríkisins sér um meðlagsgreiðslur og hefst þær þegar stofnunin hefur fengið eintak af meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi frá sýslumanni. Í flestum tilfellum þarf fólk að koma skjölunum þangað sjálf. Tryggingastofnun er heimilt að greiða meðlagið fyrirfram til réttthafa samkvæmt sérstakri beiðni og Innheimtustofnun sveitarfélaga innheimtir það síðan frá meðlagsskylda foreldrinu.

Auk mánaðarlegs meðlags með barni skal meðlagsskylt foreldri taka þátt í útgjöldum vegna skírnar barns, fermingar, sjúkdóms eða annarra sérstakra ástæðna.

### Right of access

A child has a right of access to both parents even though they are not living together. It is best for the child if the parents come to an agreement on right of access/visitation rights, that is how often and for how long the child shall stay with the parent it does not live with. If an agreement on visitation rights cannot be reached, a ruling from the district commissioner can be requested following an unsuccessful conciliation process.

The district commissioner rules on the visitation rights depending on the circumstances of each case.

If a parent does not keep an agreement on right of access or wants to alter it he can ask for a ruling from the district commissioner. Also, a claim can be made for daily fines if the visitation rights under the agreement are not respected.

### Child support payments

The parent with whom a child has legal residence is entitled to child support payments from the other parent in order to participate in the cost of living, until the child reaches 18 years of age. Upon divorce or ending cohabitation, an agreement on child support is usually made and confirmed by the district commissioner but if an agreement cannot be reached, the district commissioner or a judge (if a custody case is being settled in court) can issue a ruling on child support payments.

Young adults between the ages of 18 and 20 can make a claim before the district commissioner for a contribution for education from the parent previously paying child support. The district commissioner rules on these payments upon receiving applications.

If the parents have agreed on shared residence for the child/children, it is assumed that they agree on which of them will pay the individual cost items or how they will share the costs of living. In that case, it is not possible to request confirmation of a child support agreement, demand a decision on child support or benefit from the intervention of the Social Insurance Administration for the payment of child support.

The Social Insurance Administration acts as liaison for child support payments and they start upon the Administration receiving a copy of a child support ruling or a separation/divorce permit from the district commissioner. In most cases people must send these documents themselves.

Sé meðlagsskylda foreldrið með mun hærri tekjur en hitt, er hægt að fara fram á aukið meðlag. Sýslumaður úrskurðar um meðlagið en foreldri þarf sjálft að innheimta það.

Ef foreldri neitar að greiða meðlag eða ef foreldrar eru ekki sammála um upphæð meðlagsins getur foreldrið sem barnið á lögheimili hjá, krafist þess að sýslumaður kveði upp úrskurð um meðlagsgreiðslur.

Á meðan deila foreldra um forsjá barns er óleyst getur það foreldri sem barnið dvelur hjá, óskað eftir að sýslumaður kveði upp bráðabirgðaúrskurð um meðlagsgreiðslur. Gildir hann þar til endanlegur meðlagsúrskurður er kveðinn upp.

Upplýsingar um meðlag og meðlagsgreiðslur má finna vef Innheimtustofnunar sveitarfélaga, [www.medlag.is](http://www.medlag.is).

## Barnabætur

Barnabætur eru greiðslur til foreldra sem eiga börn undir 18 ára aldri, og eru þær greiddar út fjórum sinnum á ári. Upphæð barnabóta miðast við tekjur. Barnabætur eru greiddar út árið sem barn verður 18 ára. Eftir skilnað eða sambúðarslit fær það foreldri sem barnið á lögheimili hjá barnabæturnar nema ef foreldrar hafa samið um skipta búsetu barns/a, ákvarðast barnabætur vegna barnsins til hvors foreldris í samræmi við fjölskyldustöðu hvors þeirra fyrir sig í árslok og aldur barns og takmarkast við helming af útreiknuðum barnabótum eftir að tekið hefur verið tillit til tekjuskerðingar miðað við framangreindar aðstæður hjá hvoru þeirra um sig. Þar til skilnaður liggur fyrir er fyrirkomulag greiðslna barnabóta óbreytt.

Ríkisborgarar EES-ríkja sem vinna hér á landi geta átt rétt á barnabótum vegna barna sem eru á þeirra framfæri og eru búsett í öðru EES-ríki. Sækja þarf sérstaklega um þær bætur. Upplýsingar um barnabætur og umsóknareyðublöð eru á vef Ríkisskattstjóra: [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

Upon request, the Social Insurance Administration may pay child support in advance to the receiving parent and the Child Support Collection Centre collects the payments from the parent paying child support.

In addition to the monthly child support the parent paying it shall make special contributions for expenses relating to a child's christening and confirmation, illness or other special reasons.

If the parent paying child support has far greater income than the other parent, it is possible to request increased child support. The district commissioner rules on increased child support but the receiving parent needs to collect it from the child support paying parent.

If a parent refuses to pay child support or parents are not in agreement regarding the amount of the child support, the parent where the child has legal residence can request a ruling from the district commissioner on child support payments.

While a dispute between parents on the custody of their child is unresolved, the parent with whom the child is living can request an interim ruling from the district commissioner on child support payments. That ruling applies until a final ruling is made.

Information on child support and child support payments may be found on the Child Support Collection Centre's website: [www.medlag.is](http://www.medlag.is).

## Child benefits

Child benefits are payments to parents with children under 18 and are made four times per year. Child benefits are paid in ratio to the parents' income. Child benefits are paid until the end of the year in which a child turns 18. Upon divorce or ending cohabitation, the parent where the child has legal residence receives the child benefits, except if the parents have agreed to share the child's/children's residence. In that case the child benefit amount for the child to each parent is determined in accordance with the family status of each of them individually at the end of the year and the child's age and is limited to half of the calculated child benefit amount after taking into account the reduction in income based on the aforementioned circumstances for each of them. The child benefits payments remain unchanged until a divorce is finalized.

EEA citizens who work in Iceland may have a right to child benefits for their dependent children who reside in another EEA country. Those benefits must be specially applied for. Information on child benefits and application forms are available on the Director of Internal Revenue website: [www.rsk.is](http://www.rsk.is).

## Fjárhagsaðstoð

Ef þú getur ekki séð fyrir þér eða fjölskyldu þinni, getur þú leitað aðstoðar hjá félagsþjónustu þíns sveitarfélags. Þú getur einnig óskað eftir fjárhagsaðstoð vegna tímabundinna erfiðleika, s.s. skilnaðar eða atvinnuleysis, ef þú átt ekki rétt á atvinnuleysisbótum.



Tímabundin fjárhagsaðstoð hefur ekki áhrif á framlengingu dvalarleyfis.

## Húsaleigubætur

Einstaklingar sem leigja húsnaði geta sótt um húsaleigubætur hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Réttur til húsaleigubóta fer eftir leigu-upphæð, tekjum og fjölskyldustærð. Nánari upplýsingar má finna á [www.husbot.is](http://www.husbot.is).

## Atvinnuleysisbætur

Ef þú missir atvinnuna gætir þú átt rétt á atvinnuleysisbótum og ættir að leita til Vinnumálastofnunar. Nánari upplýsingar er að finna á vef Vinnumálastofnunar, [vmst.is](http://vmst.is).

## Dvalarleyfi

Ef búseta þín á Íslandi byggir á hjónabandi eða sambúð breytast forsendur skráningar þinnar í landið eða leyfis til dvalar ef þú skilur eða slítur sambúð. Því er nauðsynlegt fyrir þig að afla þér nánari upplýsinga hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands, Kvinnaráðgjöfinni, Fjölmenningarsetri, Þjóðskrá, eða Útlendingastofnun.

Réttur til dvalar á Íslandi við skilnað og sambúðarslit fer eftir því frá hvaða landi viðkomandi er. Einstaklingur frá Norðurlöndunum og ríkjum innan EES eða EFTA þurfa ekki dvalarleyfi og geta dvalið hér áfram þrátt fyrir skilnað ef önnur skilyrði fyrir dvöl þeirra eru uppfyllt. Skilji einstaklingur sem ekki er EES- eða EFTA-borgari við maka sem er EES- eða EFTA-borgari (ekki íslenskur ríkisborgari) þarf viðkomandi að sækja um dvalarleyfi.



### Financial aid

If you cannot provide for yourself or your family you can seek assistance from the social services in your municipality. You can also request financial assistance due to temporary difficulties, such as divorce or unemployment if you do not have a right to unemployment benefits.

Temporary financial aid does not effect the extension of a residence permit.

### Housing benefits

People renting housing (tenants) can apply for housing benefits from the Housing Financing Fund (<https://www.husbot.is>). Whether housing benefits are granted depends on the rental amount, income and family size. Further information on housing benefits may be found on <https://www.husbot.is>.

Special housing support for low income individuals or families may also be sought from the social services in the municipality of residence.

### Unemployment benefits

If you lose your job you might be eligible for unemployment benefits from the Directorate of labour. Further information may be found on the Directorate of labour website: [www.vmst.is](http://www.vmst.is).

### Residence permits

If your residence in Iceland is based on a family reunification permit and you get divorced or end cohabitation, the premises for your registration into the country or residence permit have changed. Therefore it is necessary for you to seek more extensive information from the Icelandic Human Rights Centre, Women's Counselling, Multicultural and Information Centre, the National Registry or Directorate of Immigration.

The right to stay in Iceland upon divorce or ending cohabitation depends on your nationality. Individuals from the Nordic countries and EEA or EFTA countries do not need residence permits and may stay on in the country if other conditions for their stay are met with. If an individual, who is not from an EEA or EFTA country divorces or ends cohabitation with their EEA or EFTA spouse (not an Icelandic citizen) they need

Litið er til margra þátta áður en ákvörðun um dvalarleyfi er tekin. Meðal annars er lengd hjúskapar eða sambúðar skoðuð, tengsl við landið og dvalartími þar. Eigi umsækjandi barn hér á landi sem stundar nám getur það skipt máli. Einnig er horft til þess hvort umsækjandi taki þátt í félagsstarfi, eigi hér nána ættingja o.s.frv. Verði fráskildar konur fyrir aðkasti eða ofsóknum í heimalandi umsækjanda er tekið tillit til þess þegar það á við. Fleiri atriði geta haft áhrif en hvert tilvik er skoðað fyrir sig.

Slíti ríkisborgari landa Afríku, Norður- eða Suður-Ameríku, Asíu, Ástralíu og Eyjaálfu eða Evrópulanda utan EES eða EFTA hjúskap eða sambúð vegna þess að hann eða barn hans hafi sætt misnotkun eða ofbeldi í sambandinu er undanþáguheimild í Útlendingalögum til að veita viðkomandi dvalarleyfi vegna sérstakra tengsla við landið, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, eða til að halda dvalarrétti ef viðkomandi er maki EES-borgara (annarra en íslenskra ríkisborgara). Til að hægt sé að sýna fram á að ofbeldi hafi átt sér stað er afar brýnt að leitað sé til lög-reglu, bráðamóttöku eða heilsugæslulækni sem skrá öll tilvik hjá sér. Einnig er hægt að kalla til vitni og mikilvægt er að varðveita öll sönnunargögn sem máli skipta, t.d. tölvupósta eða sms.

Til eru sérstök dvalarleyfi sem eru dvalarleyfi fyrir brotþola mansals. Í slíkum tilvikum veitir Útlendingastofnun einstaklingi sem grunur leikur á að sé brotþoli mansals, dvalarleyfi í níu mánuði. Lögreglu ber að veita Útlendingastofnun aðstoð við rannsókn málsins, t.d. við mat á aðstæðum viðkomandi. Þegar sérstaklega stendur á er Útlendingastofnun heimilt að veita brotþola mansals endurnýjanlegt dvalarleyfi til eins árs teljist það nauðsynlegt vegna persónulegra aðstæðna viðkomandi eða vegna samvinnu viðkomandi við yfirvöld í tengslum við rannsókn og meðferð sakamáls. Brotþolum mansals er tryggt ýmiss konar aðstoð og ráðgjöf.

to apply for a residence permit unless the marriage or cohabitation has lasted at least three years, thereof one year of residence in Iceland.

Many aspects are taken into consideration before a decision on a residence permit is made, such as the duration of the marriage or cohabitation and the applicants' length of residence in, and ties to, the country. It may be of importance if the applicant has a child attending school in Iceland. It is also relevant whether the applicant takes part in social activities, has close relatives in the country and so on. If divorced women are ill-treated or persecuted in the applicants' country of origin, it taken into consideration. Other matters may also be of importance but each case is considered individually.

If citizens of countries of Africa, North or South America, Asia, Australia and Oceania or a European country outside of EEA/EFTA end a marriage or cohabitation due to their or their child/ren having suffered abuse or violence by their partner, the Act on Foreigners allows for an exception to extend a family reunification permit. In order to verify that the violence took place it is very important to contact the police, the emergency ward or a doctor, since all incidents are registered. It is also possible to call in witnesses and important to retain all evidence relevant to the case, for example emails/text messages containing threats.

One type of residence permits is a permit for victims of human trafficking. In such instances the Directorate of Immigration issues a nine month residence permit to a foreigner believed to be a victim of human trafficking. The police shall assist the Directorate of Immigration with the investigation, e.g. with assessing the persons' circumstances. If special circumstances apply, the Directorate may grant a victim a renewable residence permit for one year; if it is believed to be necessary due to the victims' personal circumstances or due to the victims' co-operation with the relevant authorities during a criminal case process. Various assistance and counselling is guaranteed for victims of trafficking.

## Nánari upplýsingar

### **Kvennaathvarf**

[www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is)

561 1205 (Reykjavík, opið allan sólarhringinn)

561-1206 (Akureyri, opið allan sólarhringinn)

Athvarf í Reykjavík og á Akureyri fyrir konur og börn sem flýja að heiman vegna andlegs eða líkamlegs ofbeldis eiginmanns, sambýlismanns, maka eða annarra heimilismanna. Einnig fyrir konur sem hafa orðið fyrir nauðgun eða eru brotaþolar mansals.

### **Stígamót**

[www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)

562 6868

Laugavegur 170

Ráðgjafarmiðstöð fyrir brotaþola kynferðisofbeldis og upplýsingamiðstöð um kynferðisofbeldi.

### **Aflið**

[www.aflidak.is](http://www.aflidak.is)

461 5959

Aðalstræti 14, Akureyri

Ráðgjafarmiðstöð fyrir brotaþola kynferðisofbeldis og/eða heimilisofbeldis

### **Bjarkarhlíð**

[www.bjarkarhlid.is](http://www.bjarkarhlid.is)

553 3000

Við Bústaðarveg, við hlið Bústaðakirkju

Miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis.

### **Bjarmahlíð**

[www.bjarmahlid.is](http://www.bjarmahlid.is)

551 2520

Aðalstræti 14, Akureyri

Miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis.

### **Sigurhæðir**

[www.sigurhaedir.is](http://www.sigurhaedir.is)

843 5566

Þórsmörk 7, Selfoss

Miðstöð fyrir brotaþola ofbeldis.

## Further information

### **The Women's Shelter**

[www.kvennaathvarf.is](http://www.kvennaathvarf.is)

561-1205 (Reykjavík, open 24 hours).

561-1206 (Akureyri, open 24 hours).

A shelter for women and children leaving home due to psychological or physical abuse by a husband, cohabiting partner or other members of the household. The shelter also receives victims of human trafficking and women who have been raped.

### **Stígamót**

[www.stigamot.is](http://www.stigamot.is)

562 6868

Laugavegur 170

Education and counselling center for survivors of sexual abuse and violence and an information center on sexual violence.

### **Aflið**

[www.aflidak.is](http://www.aflidak.is)

461 5959

Aðalstræti 14, Akureyri

Counseling center for victims of sexual violence and/or domestic violence.

### **Bjarkarhlíð**

[www.bjarkarhlid.is](http://www.bjarkarhlid.is)

553 3000

Bústaðavegur, by Bústaðir Church

A center for victims of violence.

### **Bjarmahlíð**

[www.bjarmahlid.is](http://www.bjarmahlid.is)

551 2520

Aðalstræti 14, Akureyri

A center for victims of violence.

### **Sigurhæðir**

[www.sigurhaedir.is](http://www.sigurhaedir.is)

843 5566

Þórsmörk 7, Selfoss

A center for victims of violence.

## **Kvennaráðgjöfin**

[www.kvennaradgjofin.is](http://www.kvennaradgjofin.is)

551 1550

Túngötu 14

Ókeypis félags- og lögfræðiráðgjöf fyrir konur. Opíð á fimmtudögum 14-16 og á þriðjudagskvöldum 20-22.

## **Mannréttindaskrifstofa Íslands**

[www.humanrights.is](http://www.humanrights.is)

552 2720

Túngötu 14

Ókeypis lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Ef þörf er á túlki greiðir skrifstofan þann kostnað en óska þarf eftir þjónustu túlks um leið og viðtal er pantað. Ráðgjöfin er opin á þriðjudögum 10-16 og föstudögum 9-15.

## **Heimilisfriður**

[www.heimilisfridur.is](http://www.heimilisfridur.is)

555 3020

Höfðabakka 9

Sérhæft meðferðarræði fyrir fólk sem beitir ofbeldi. Í boði er bæði einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum.

## **Útlendingastofnun**

[www.utl.is](http://www.utl.is)

444 0900

Dalvegi 18

Stofnun sem veitir upplýsingar um dvalarleyfi, skilyrði fyrir veitingu þeirra og ýmis önnur réttindi.

## **Fjölmenningarsetur**

[www.mcc.is](http://www.mcc.is)

450 3090

Árnagötu 2-4, Ísafirði

Fjölmenningarsetur veitir upplýsingar fyrir innflytjendur um réttindi þeirra og skyldur er varðar flutning til Íslands og búsetu á Íslandi.

## **The Women's Counselling**

[www.kvennaradgjofin.is](http://www.kvennaradgjofin.is)

551-1500

Túngata 14

Free social work and legal counselling for women. Open Thursdays between 14:00 – 16:00 and Tuesday nights between 20:00 – 22:00.

## **The Icelandic Human Rights Centre**

[www.humanrights.is](http://www.humanrights.is)

552 2720

Túngata 14

Free legal counselling for immigrants. If an interpreter is needed the Centre provides one free of charge, a request for interpretation must be made upon booking an appointment. The counselling is open Tuesdays from 10-16 and Fridays from 9-15.

## **Domestic peace**

[www.heimilisfridur.is](http://www.heimilisfridur.is)

555 3020

Höfðabakki 9

Specialised therapy programme for persons who resort to domestic violence. Both individual and group psychological therapy sessions are provided.

## **The Directorate of Immigration**

[www.utl.is](http://www.utl.is)

444 0900

Dalvegur 18

The Directorate provides information on types of, and requirements for, residence permits and various other rights.

## **The Multicultural Information Centre**

[mcc.is](http://mcc.is)

450-3090

Árnagata 2-4, Ísafjörður

The Multicultural Information provides information for immigrants about their rights and obligations related to moving to and living in Iceland.

## **Jafnréttisstofa**

[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

Stofnun sem veitir upplýsingar um jafnrétti og mismunun.

## **Stjórnarráðið**

[www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/](http://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/)

Hér er hægt er finna ýmsar upplýsingar um innflytjendur og innflytjendamál.

## **Ríkisskattstjóri**

[rsk.is](http://rsk.is)

442 1000

Ríkisskattstjóri veitir upplýsingar um skattamál, barnabætur, vaxtabætur, persónuafslátt og framtalseyðublöð á nokkrum tungumálum (ensku, dönsku, finnsku, norsku, sænsku, frönsku, spænsku, þýsku, pólsku og rússnesku).

## **Símar neyðarmóttöku í Fossvogi:**

543 1000 – aðalskiptiborð Landspítala • 543 2000 – afgreiðsla bráðadeildar í Fossvogi • 543 2094 – Neyðarmóttakan á dagvinnutíma ([neydarmottaka@lsh.is](mailto:neydarmottaka@lsh.is)) Áfallamiðstöð LSH.

Sími neyðarmóttöku á Akureyri: 463 0800

Einnig veita félagsþjónustur sveitarfélaganna ýmsa ráðgjöf og aðstoð.

**Neyðarsími lögreglu er 112**



### **The Directorate of Equality**

[www.jafnretti.is](http://www.jafnretti.is)

The Directorate provides various information on gender equality and discrimination.

### **The Government Offices of Iceland**

[www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/](http://www.stjornarradid.is/verkefni/utlendingar/)

Provides various information on immigrants and immigrant issues.

### **The Director of Internal Revenue**

[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

442 1000


Provides information regarding tax issues, child benefits, private housing benefits, personal tax credit and tax forms in several languages (English, Danish, Finnish, Norwegian, Swedish, French, Spanish, German, Polish and Russian).

### **Telephones of the Emergency Rape Ward in Fossvogur:**

543 1000- main switchboard of Landspítalinn • 543 2000 - reception of the Emergency Ward in Fossvogur • 543 2094- The Emergency Rape Ward during daytime working hours ([neydarmottaka@lsh.is](mailto:neydarmottaka@lsh.is))- the LSH Crisis Centre.

Telephone of the Rape Emergency Ward in Akureyri: 463 0800

The social services in each municipality also provide various forms of counselling and assistance.

 **The police emergency phone number is 112**

**Þegar konur af erlendum uppruna leita sér aðstoðar á Íslandi kemur oft í ljós að íslenskir makar þeirra hafa beitt þær ýmsum blekkingum til að hafa vald yfir þeim og misnota þær. Hér á eftir fylgja nokkur dæmi um blekkingar sem konur hafa verið beittar og fram komu í viðtölum við þær:**

Eiga konur á Íslandi að hlýða mönnum sínum skilyrðislaust?

**Svar:** Nei, það er ekki rétt. Konur og karlar eru jöfn, hvorugt ræður yfir hinu.

Á kona að afhenda maka launin sín?

**Svar:** Nei, það er ekki rétt. Þú átt launin þín en átt að leggja hluta þeirra til heimilisins og það á maki þinn líka að gera. Það fer síðan eftir launum beggja, efnum og aðstæðum hversu stór hluti launanna fer í heimilisrekstur.

Er rétt að við skilnað fái faðirinn forsjá barnanna?

**Svar:** Nei, það er ekki rétt. Meginreglan við skilnað er sameiginleg forsjá og ef ágreiningur er um lausn er dæmt í málinu. Það fer eftir atvikum málsins hver niðurstaðan verður.

Er það siður á Íslandi að konur gangi um naktar eða á nærfötunum innanhúss, líka þegar vinir mannsins koma í heimsókn?

**Svar:** Nei, það er ekki rétt. Konur klæðast því sem þær vilja, bæði innanhúss eða utandyra.

Er það siður á Íslandi að konur sofi hjá vinum maka síns?

**Svar:** Nei, það er ekki rétt. Þú ræður yfir líkama þínum, ekki maki þinn.

Á maki rétt á kynlífi hvenær sem er, hvernig sem aðstæður eru?

**Svar:** Nei, það er ekki rétt. Enginn á rétt á kynlífi með þér, þú þarft ekki að stunda kynlíf nema þú viljir það sjálf.

Maki minn hefur neytt mig í vændi, fer ég í fangelsi og/eða verð ég rekin úr landi ef það kemst upp?

**Svar:** Nei. Að vera í vændi er ekki refsivert en það er refsivert að kaupa og hafa milligöngu um vændi. Þér yrði því aldrei refsað heldur maka þínum og þeim sem keyptu vændið. Þú þarft heldur ekki að óttast að þér verði vísað úr landi vegna þessa.



**Often when women of foreign origin living in Iceland seek assistance it turns out that their spouses have deceived them in order to have control over them and take advantage of/ abuse them. Below are a few examples of these deceptions which were disclosed during interviews:**

Should women in Iceland obey their husbands unconditionally?

**Answer:** No, that is not correct. Women and men are equals, neither controls the other.

Should a woman hand all her wages over to her husband?

**Answer:** No, that is not correct. Your wages are your own, but you should contribute a part of them to the household as should your husband. How large a proportion goes towards running the household depends on the wages, means and circumstances of both persons.

Is it true that upon divorce, the father gains custody of the children?

**Answer:** No, that is not correct. The principal rule in a divorce is joint custody and if there is a dispute then a court ruling is made in the case. The outcome depends on the merits of each case.

Is it customary in Iceland that women walk around naked or in their underwear inside the house? Even when friends of the husband come to visit?

**Answer:** No, that is not correct. Women wear what they want whether inside or outside the home.

Is it customary in Iceland that a woman must have sex with her husband's friends?

**Answer:** No, that is not correct. You have the right to your own body, not your husband.

Is a husband entitled to sex whenever and whatever the circumstances?

**Answer:** No, that is not correct. No one is entitled to have sex with you unless you want it yourself.

My husband has forced me into prostitution; Will I go to prison and/ or will I be deported if it is discovered?

**Answer:** No, prostitution is not punishable by law for the woman herself, but it is punishable to purchase and facilitate prostitution. You would never be punished but your husband and those who paid for prostitution would be. You do not have to fear deportation for this reason.